

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið og tilgangur.

Reglugerð þessi gildir um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja sem þau hafa greitt hér á landi, svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Endurgreiðslum samkvæmt reglugerð þessari er ætlað að jafna samkeppnisstöðu innlendra og erlendra fyrirtækja í viðskiptum milli Íslands og annarra landa og í viðskiptum innanlands. Endurgreiðslunum er þannig hvorki ætlað að leiða til tvískattlagningar né engrar skattlagningar samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

2. gr.

Erlend fyrirtæki - skilgreiningar o.fl.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta erlend fyrirtæki fengið endurgreiddan þann virðisaukaskatt sem þau hafa greitt hér á landi vegna kaupa á vörum og þjónustu innanlands eða vegna innflutnings á vörum til atvinnustarfsemi sinnar erlendis, þó ekki vörum og þjónustu til endursölu og endanlegrar neyslu hér á landi.

Erlent fyrirtæki samkvæmt reglugerð þessari telst aðili sem stundar atvinnurekstur og hefur hvorki búsetu eða heimilisfesti né starfsstöð á Íslandi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. geta erlend fyrirtæki með starfsstöð hér á landi átt rétt til endurgreiðslu að uppfylltum öðrum skilyrðum reglugerðar þessarar hafi starfsemi starfsstöðvarinnar ekki í för með sér skráningarskyldu samkvæmt 5. gr. laga nr. 50/1988. Jafnframt geta erlend fyrirtæki sem skráð eru einfaldri skráningu samkvæmt 5. gr. B sömu laga fengið endurgreiðslu eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

II. KAFLI

Skilyrði fyrir endurgreiðslu.

3. gr.

Skilyrði endurgreiðslu skv. 1. mgr. 2. gr. eru eftirfarandi:

- Virðisaukaskattur sem beiðni um endurgreiðslu tekur til sé vegna kaupa á vöru eða þjónustu hér á landi eða innflutnings á vörum hingað til lands þ.m.t. þjónustu í tengslum við innflutning á vöru, til nota í atvinnustarfsemi sem erlent fyrirtæki hefur með höndum erlendis.
- Virðisaukaskattur sem beiðni tekur til sé ekki vegna kaupa á vöru eða þjónustu sem ætluð er til endursölu og endanlegrar neyslu hér á landi, s.s. kaup ferðaskrifstofu með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis á vöru eða þjónustu til endursölu og endanlegrar neyslu hér á landi. Endurgreiðsla er þó heimil vegna kaupa erlends fyrirtækis á þjónustu undirverktaka hér á landi að því gefnu að virðisaukaskattur hafi verið greiddur í einu lagi af hinni skattskyldu vöru og þjónustu við tollafgreiðslu vörunnar, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá.
- Hið erlenda fyrirtæki hafi ekki haft með höndum skráða eða skráningarskylda starfsemi hér á landi samkvæmt 5. gr. laga nr. 50/1988 á því tímabili sem beiðni tekur til.
- Starfsemi hins erlenda fyrirtækis væri skráningarskyld skv. 5. gr. laga nr. 50/1988 ef hún væri rekin hér á landi.
- Um sé að ræða virðisaukaskatt sem skráður aðili hér á landi gæti talið til innskatts eftir ákvæðum 15. og 16. gr. laga nr. 50/1988.
- Seljandi vöru eða þjónustu hér á landi sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.

III. KAFLI

Framkvæmd endurgreiðslu.

4. gr.

Endurgreiðslutímabil.

Hvert endurgreiðslutímabil er tveir mánuðir; janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Endurgreiðslutímabil getur þó tekið til heils almanaksárs eða eftirstöðva almanaksárs, sbr. 8. gr.

5. gr.

Umsókn.

Sækja skal um endurgreiðslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Skilafrestur umsóknar vegna hvers endurgreiðslutímabils skv. 4. gr. er til 15. dags næsta mánaðar eftir lok tímabilsins. Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir starfsemi sinni erlendis, skýra notkun þeirra aðfanga sem umsókn tekur til og lýsa því yfir að þau séu ekki ætluð til endursölu og endanlegrar neyslu hér á landi. Umsækjandi skal lýsa því yfir að hafa ekki stundað skráða eða skráningarskylda starfsemi hér á landi samkvæmt 5. gr. laga nr. 50/1988 á því tímabili sem beiðni tekur til.

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef beiðni um endurgreiðslu berst ríkisskattstjóra Skattinum eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist, sbr. 1. mgr. 43. gr. A laga nr. 50/1988.

6. gr.

Gögn til staðfestingar endurgreiðslu.

Með umsókn skulu fylgja afrit sölureikninga, prentuð eintök rafræna sölureikninga, afrit annarra tekjuskráningargagna eða greiðsluskjala frá tollyfirvöldum þar sem fram kemur sá virðisaukaskattur sem umsækjandi hefur greitt. Gögn sem lögð eru til grundvallar umsókn um endurgreiðslu virðisaukaskatts skulu uppfylla öll skilyrði um form og efni samkvæmt ákvæðum II. kafla, sbr. einnig 15. gr., reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Auk gagna skv. 1. mgr. skal fylgja umsókn vottorð frá þar til bærum yfirvöldum í heimalandi umsækjanda þar sem fram kemur hvers konar atvinnurekstur hann hefur með höndum. Vottorð af þessu tagi gildir í eitt ár frá útgáfudegi og þarf ekki að senda nýtt vottorð við síðari umsókn innan gildistíma þess.

Leggja skal fram önnur gögn sem ríkisskattstjóri telur nauðsynleg til þess að sannreyna fjárhæðir á endurgreiðslubeiðni í samræmi við leiðbeiningar ríkisskattstjóra þar um.

7. gr.

Afgreiðsla.

Ríkisskattstjóri afgreiðir umsóknir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari og metur hvort þær ásamt fylgigögnum uppfylli skilyrði 3. gr., sbr. 6. gr., og séu að öðru leyti í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar þessarar hvað varðar form og efni.

Komi í ljós að umsókn sé ábótavant eða að sannreyna þurfi frekar gögn til staðfestingar endurgreiðslu, sbr. 6. gr., getur ríkisskattstjóri krafist umsækjanda og þá sem selt hafa honum vörur eða þjónustu sem umsóknin varðar frekari upplýsinga. Ríkisskattstjóri skal veita umsækjanda a.m.k. 15 daga frest frá póstlagningu tilkynningar, eða eftir atvikum rafrænni tilkynningu, til þess að senda inn fullnægjandi gögn eða skýringar samkvæmt þessari málsgrein. Sé réttum gögnum ekki skilað eða fullnægjandi skýringar ekki veittar innan veitts frests, eða gögn málsins benda til þess að endurgreiðsla sé ekki heimil, skal umsókn hafnað. Telji ríkisskattstjóri að umsókn uppfylli skilyrði fyrir endurgreiðslu skal hann ákvarða fjárhæð endurgreiðslu.

Ríkisskattstjóri skal afgreiða umsóknir um endurgreiðslu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok endurgreiðslutímabils. Umsóknir sem berast eftir lok skilafrests skulu afgreiddar með umsóknum næsta endurgreiðslutímabils. Ef ríkisskattstjóri getur ekki vegna aðstæðna umsækjanda gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er endurgreiðslubeiðni byggir á, þ.m.t. vegna þeirra atvika sem lýst er í 4. mgr. 25. gr. laga nr. 50/1988, framlengist frestur til afgreiðslu sem því nemur.

Ríkisskattstjóri skal tilkynna umsækjanda um ákvörðun sína um endurgreiðslu. Tilkynning um ákvörðun skal send með almennri póstsendingu eða rafrænt í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Með tilkynningu ríkisskattstjóra skulu endursend þau frumgögn sem kunna að hafa verið lögð fram með umsókn skv. 1. mgr. 6. gr.

8. gr.

Fjárhæðir virðisaukaskatts, gengi o.fl.

Fjárhæð virðisaukaskatts sem sótt er um endurgreiðslu á hverju sinni skal nema a.m.k 75.000 kr. vegna hvers tveggja mánaða endurgreiðslutímabils, sbr. 4. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt að fjárhæð 15.000 kr. eða meira ef umsókn varðar heilt almanaksár eða eftirstöðvar almanaksárs. Slík umsókn skal afgreidd með síðasta endurgreiðslutímabili hvers árs.

Fjárhæðir þær sem um ræðir í 1. og 2. mgr. skulu í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils. Grunnfjárhæðir þessar miðast við vísitölu neysluverðs í desember 2019, þ.e. 473,3 stig.

Endurgreiðsla skal fara fram í íslenskum krónum. Ef fram kemur í umsókn ósk frá erlendu fyrirtæki um að endurgreiðsla verði færð á bankareikning í erlendum gjaldeyri skal sá dagur sem færslan er framkvæmd ráða viðmiðunargengi greiðslunnar. Áfallinn kostnaður vegna færslunnar skal dreginn frá endurgreiðslufjárhæð. Sé færsla framkvæmd í erlendum gjaldmiðli skal tilgreina á umsókn erlendan bankareikning, IBAN-númer, SWIFT-númer, eða önnur sambærileg auðkenni, og nafn og heimilisfang hinnar erlendu bankastofnunar.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Umboð.

Erlendu fyrirtæki er heimilt að fela umboðsmanni sínum að sækja um og veita viðtöku fyrir sína hönd endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt reglugerð þessari enda liggi fyrir að fyrirtækið hafi með ótvíræðum hætti veitt umboðsmanni sínum skriflegt umboð þar um.

Um framkvæmd o.fl., vegna ákvörðunar ríkisskattstjóra um endurgreiðslu virðisaukaskatts til umboðsmanns, fer skv. III. kafla reglugerðar þessarar.

10. gr.

Endurákvörðun.

Komi í ljós að endurgreiðsla hafi verið of há skal ríkisskattstjóri endurákværða fjárhæð hennar. Við endurákvörðun skal tilkynna umsækjanda eða umboðsmanni hans skriflega, með þeim hætti sem ríkisskattstjóri ákveður, um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að umsækjandi eða umboðsmaður hans geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun á endurgreiðslu samkvæmt upphaflegri ákvörðun ríkisskattstjóra skal umsækjandi endurgreiða mismuninn innan 30 daga frá því að tilkynnt er um ákvörðunina. Um álag og dráttarvexti vegna of hárrar endurgreiðslu fer samkvæmt 27. og 28. gr. laga nr. 50/1988.

Heimild til endurákvörðunar samkvæmt þessari grein fellur niður að sex árum liðnum frá upphaflegri ákvörðun ríkisskattstjóra.

11. gr.

Kæruleið.

Ákvörðun ríkisskattstjóra um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari er kæránleg til yfirséðanefndar samkvæmt 2. mgr. 43. gr. A laga nr. 50/1988, sbr. lög nr. 30/1992, um yfirséðanefnd. Kærufrestur er þrír mánuðir frá dagsetningu ákvörðunar ríkisskattstjóra.

12. gr.

Röng skýrslugjöf o.fl.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988.

13. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 49. gr. sömu laga, og öðlast gildi 1. janúar 2020. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.

- ~~Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. desember 2019.~~ -

~~F. h. r.~~

- ~~Helga Jónsdóttir.~~ -

- ~~Hlynur Ingason.~~ -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.